

Fagmennska í aldarfjórðung

Reynslumiklir starfsmenn og gott úrval gólfefna einkenna rekstur **verslunarinnar Álfaborgar**. Verslunin býður upp á heildarlausnir í gólfefnum í fallegu rými við Skútuvog í Reykjavík. Þessa dagana fyllist búðin af nýjum vörum.

Verslunin Álfaborg hefur þjónustað landsmenn í rúmlega aldarfjórðung. Þar fæst mikið úrval gólfefna fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili og reynslumiklir starfsmenn veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf. Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar, segir að nú í upphafi vetrar sé verslunin að fyllast af nýjum vörum og úrvalið hafi sjaldan verið meira. „Álfaborg býður upp á allt á gólfíð á einum stað, svo sem parket, flísar, dúka og teppi. Við bjóðum upp á heildarlausnir í gólfefnum og erum með reynslumikla starfsmenn sem sinna ráðgjöf til viðskiptavina okkar. Þar er svo sannarlega valinn maður í hverju rúmi.“

Þessar vikurnar er Álfaborg að fyllast af nýjum vörum frá mörgum þekktum framleiðendum sem verslunin hefur skipt við um árabíl. „Við bjóðum upp á ýmsar nýjungar í flísum, dúkum og harðparketi svo dæmi séu tekin. Einn stærsti gólfefnaframleiðandi Evrópu, Tarkett, er til dæmis með nýja línu í linoleum-dúkum sem inniheldur glaðlega liti og áferð. Tarkett hefur þar með skipað sér í fremstu röð og gaman að sjá hvað dúkarnir eru að koma sterkir inn aftur enda mjög nýtskulegt útlit á þeim. Einnig erum við með nýjar línur í harðparketi en þær hafa grófara útlit en þær eldri. Við höfum skipt við flesta birgja okkur í langan tíma og höfum því mjög góða reynslu af þeim. Þannig getum við boðið viðskiptavinum okkar upp á góða vöru sem samt er á samkeppnishæfu verði.“

Teppin enn vinsæl

Þótt parket og önnur gólfefni hafi að miklu leyti komið í stað gömlu teppanna eru þau fjarri því að vera úrelt segir Kolbeinn. „Stærsti mark-



Sölumenn Álfaborgar eru með áratuga reynslu af ráðgjöf við val á gólfefnum. Kolbeinn Össurarson er lengst til hægri.

MYND/GVA

aður okkar í teppum eru stigahús í fjölbýlum. Af því tilefni má minna á átakið Allir vinna sem rennur út um næstu áramót. Það er því kjöríð tækifæri fyrir húsfélög að slá til núna og skipta um teppi enda fæst þá virðisaukaskattur af vinnu endurgreiddur. Við bjóðum húsfélögum upp á þá þjónustu að senda mann á staðinn og mæla stigaganginn og gera þeim tilboð á staðnum.“

Það eru tiskusveiflur í gólfefnum að sögn Kolbeins eins og svo mörgu öðru í kringum okkur. „Reyndar höfum við séð minni breytingar undanfarin ár sem ræðst væntanlega af efnahagsástandinu. Þá er mikilsvert að hafa framleiðend-

ur sem eru sterkir á heimsvísu, eins og Porcelanosa og Tarkett, sem stöðugt eru að koma fram með nýjar og spennandi nýjungar. Porcelanosa ryður brautina með stórum, málteknum flísum jafnt á gólf sem vegg.“ Hann segir að þegar kemur að parketi sé eikin, sem fáist í mismunandi gerðum, enn gríðarlega vinsæl. „Þar er lítið um breytingar. Þegar kemur að flísunum eru jarðlitir og hlýrri litir aðeins að koma aftur í stað svarta litarins og annarra dekkri lita þótt vissulega séu þeir litir alltaf eftirsóttir.“

Allar nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Álfaborgar má finna á www.alfaborg.is.



Nýjar gerðir af Tarkett-harðparketi með grófu plankauðliti.

MYND/GVA

PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta



ÁLFABORG

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Birgisson Ármúla 8

Yfir 150 tegundir af parketi

og mikið úrval af flísum og innihurðum



Egill Arnar Birgisson,
framkvæmdastjóri

„Við setjum þarfir viðskiptavinarins í fyrsta sæti,“ segir Egill hjá Birgisson ehf. „Við leggjum áherslu á að bjóða úrvals vörur frá þekktum og virtum framleiðendum, vörur sem hafa reynt vel við íslenskar aðstæður.“

Þekking og reynsla

„Áratuga reynsla fjölskyldunnar og starfsfólks okkar í sölu gólfefna og hurða, traust og góð viðskiptasambönd þar sem vinátta, virðing og gagnkvæmt traust ríkir, er undirstaðan að fyrirtæki okkar. Allt eru þetta viðskiptasambönd og umboð sem fjölskyldan hefur haft í yfir 20 ár.“

Þjónustan er ástríða


„Við feðgarnir rekum fyrirtækið með ódrepani áhuga og af ástríðu. Við fylgjumst vel með nýjungum, bæði hvað varðar hönnun og gæði. Við kynnum allar áhugaverðar nýjungar fyrir viðskiptavinum, arkitektum, fagmönnum og starfsmönnum og fáum álit þeirra,“ segir Egill.

Birgisson nýtur þeirrar gæfu að hafa gott starfsfólk sem flest hefur starfað hjá fjölskyldunni í mörg ár. Þar er til staðar mikil reynsla og fagþekking.

„Við bjóðum viðskiptavini velkomna í sýningarsalinn í Ármúla 8. Við kappkostum að aðstoða og leiðbeina viðskiptavinum af fremsta megni. Allar vörurnar sem við bjóðum eru í hæsta gæðaflokki og á samkeppnishæfu verði. Starfsmenn okkar eru til þjónustu reiðubúnir,“ segir Egill hjá Birgisson ehf.



Flísar Nera Warm Grey 120 x 120 cm




Ringo innihurð, eik



PARKET FLÍSAR HURÐIR

Vandaðu valið þegar þú
innréttar heimilið



Kährs[®]
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

VÖNDUÐ & VISTVÆN
VIÐARGÓLF

Birgisson

Ármúli 8 | 108 Reykjavík
Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Dýraskinn vinsælt á gólfið

Íslenska gæran hefur verið gríðarlega eftirsótt undanfarið og hefur unnið sér sess á heimilum á nýjan leik. Dýraskinn hafa reyndar verið vinsæl undanfarin ár sem gólfmottur. Sérstaklega á það við um kúr- og hrosshúðir, auk sebraskinns.

Mörgum finnst dýraskinn setja hlýlegan svip á heimilið. Hadda Gestsdóttir hjá Hvítlist segir að dýraskinn séu mjög eftirsótt um þessar mundir. „Alls kyns skinn eru vinsæl hjá okkur, dá-dýraskinn, kálfaskinn, nautshúðir og eiginlega allar gerðir skinna. Það er misjafnt eftir hverju fólk er að leita og hvar það ætlar að hafa skinnið. Sumir kaupa skinn í sumarbústaðinn en aðrir fyrir stofuna eða sjónvarpsrymið. Það er mjög einstaklingsbundið hvað fólk vill,“ segir Hadda. Hvítlist selur einnig ekta sebraskinn. „Það er mjög algengt að fólk kaupi skinn í bústaðinn, enda passar það vel í slíku umhverfi. Íslenska gæran er einnig mjög vinsæl og við seljum mest af henni. Bæði Íslendingar og útlendingar kaupa gæruna,“ segir Hadda en íslenska gæran er seld um allan heim. „Gæran hefur verið vinsæl tækifærisgjöf.“

Ekki allir hrifnir

Þótt dýraskinn hafi verið mikið í tísku um allan heim eru ekki allir sáttir við að þau séu notuð á þennan hátt. Það vakti til dæmis mikla athygli þegar einkasafn auðkífings var selt á uppboði í Melbourne í Ástralíu fyrir á þessu ári. Meðal dýrgripa sem þar var að finna var safn dýraskinna. Gólfmotta úr skinni af tígrisdýri seldist fyrir tólf hundruð þúsund, skinn af ljóni fyrir rétt tæpa milljón, skinn af hlébarða, fjallaljóni og sebrahesti fóru fyrir tæpar fjögur hundruð þúsund hvert.

Mörgum kom á óvart þessi mikla skinnæign og var sala þeirra ákaflega umdeild. Ekki átti að geta um seljandann en einhverjir komust að því að skinnin hefðu verið í eigu Emmanuels Margolin, sem er einn ríkasti maður í Ástralíu og hefur alla tíð þótt sérvitringur. Margolin kom til Ástralíu árið 1951 með tvær hendur tómar en auðgaðist meðal annars á nautgriparkætt. Hann hafði mikla ástríðu fyrir sjaldgæfum dýrum og dýrum í útrýmingarhættu.

Þeir voru margir sem vildu eignast skinnin. Einn kaupandinn sagðist hafa keypt skinn af tígrisdýri þar sem dóttur hans hafði lengi dreymt um að hafa slíkt skinn á baðherberginu sínu.



Íslenska gæran hefur aldrei verið vinsælli. Bæði Íslendingar og útlendingar hafa fallið fyrir henni.



Nautshúð er vinsæl og getur sett fallegan svip á heimilið.



Skinn af sebrahesti þykir fallegt en það er dýrt.

Fagmennska og gæði í 25 ár

Mikil reynsla, gæðafni og fyrsta flokks tækjakostur einkennir starfsemi **Parketmeistarans**. Sérhæfing fyrirtækisins liggur í yfirborðsmeðhöndlun gólfa og það sinnir jöfnum höndum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum.

Parketmeistarinn er fyrirtæki sem byggir á gömlum og traustum grunni en stofnandi þess og framkvæmdastjóri, Friðrik Már Bergsveinsson, hefur unnið við greinina í 25 ár. Fyrirtækið er talið vera eitt það vandaðasta á sínu sviði hérlandis. „Sérhæfing fyrirtækisins felst í yfirborðsmeðhöndlun gólfa. Við notum eingöngu hágæðafni og fyrsta flokks tækjakost við vinnu okkar, hvort sem um er að ræða parketlagn, slípun eða yfirborðsmeðhöndlun.“ Parketmeistarinn tók við Eukula-umboðinu frá þýska framleiðandanum Freilacke/Eukula árið 2009. „Þetta gæðalakk hefur verið á markaðnum hér síðan árið 1985. Það er mjög endingargott og hefur staðið fyrir sínu öll þessi ár. Lakkið hefur það fram yfir önnur slík að þurrefnisinnihaldið í því er mjög hátt þannig að þegar uppleysiefnið gufar upp situr sterk filma eftir á gólfinu, sem skiptir mjög miklu máli.“

Aðeins gæðavörur

Fyrirtækið selur einnig parket í samvinnu við Húsasmíðjuna. Um er að ræða parket frá pólska framleiðandanum Barlinek, sem er einn sá stærsti í heimi, og harðplastparket frá þýska framleiðandanum HDM. „Síðan sjáum við um að sérpanta parket að utan en sú þjónusta er stór þáttur í starfsemi

okkar. Við sérpöntum frá mörgum framleiðendum en þó mest frá Bandaríkjunum, Hollandi og Þýskalandi.“

Fyrirtækið hefur um nokkurt skeið verið einkaumboðsaðili fyrir Lägler-parketslípivélarnar, sem að sögn Friðriks eru nokkurs konar Rolls-Royce parketslípivéla. Lägler hefur verið leiðandi á sínu sviði í yfir 50 ár og er stærsti parketslípivélaframleiðandi heims og gæðin eftir því. „Segja má að flestir verktakar í þessum bransa eigi Lägler-vél. Sú elsta sem ég veit um í fullum rekstri er frá árinu 1985 en það er einmitt það ár sem byrjað var að flytja þær inn að einhverju ráði,“ segir Friðrik.

Önnur vinsæl vara hjá Parketmeistarinum er undirlag frá Floor-Muffler. „Um er að ræða hljóddempandi undirdúk fyrir parket frá Bandaríkjunum sem hefur farið sigurför um allan heim. Með því fær maður mestu hljóddempun upp í rýmið af þeim efnum sem eru á markaðnum.“

Eukula-lökkinn og -olíurnar, Lägler-slípivélarnar og Starcke-sandpappír, sem fyrirtækið er einnig einkaumboðsaðili fyrir á Íslandi, verða að teljast þær sterku undirstöður sem fyrirtækið byggir á að sögn Friðriks. „Það er sama hversu góðir menn eru. Það er mjög mikilvægt að hafa réttu efnin, tækin og tólin við höndina þegar á að skila af sér fallegu gólfi.“



Friðrik Már Bergsveinsson, framkvæmdastjóri Parketmeistarans, annar frá hægri ásamt starfsmönnum.

MYND/VILHELM

Reynslumiklir starfsmenn

Gríðarleg reynsla liggur í starfsmönnum fyrirtækisins. Það er ekki bara Friðrik sem hefur starfað lengi í greininni heldur eru aðrir starfsmenn fyrirtækisins mjög reynslumiklir og sérhæfdir. „Það skiptir auðvitað miklu máli í svona fagi. Við búum auk þess yfir tveimur bílum og sex tækjasettum þann-

ig að við getum verið mjög öflugir í stórum verkum. Við vinnum jöfnum höndum fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Við höfum til dæmis margar ríkisstofnanir meðal fastra viðskiptavina okkar. Enda er slagorð okkar „þinn hagur okkar stolt“ og það skiptir okkur miklu máli að vera traustsins verðir.“

Parketmeistarinn er meðlim-

ur í FÍP (Félagi íslenskra parketmanna) og NWFA (National Wood Flooring Association), sem eru ein stærstu parketsamtök í heiminum. „Ég kom sjálfur að stofnun FÍP á sínum tíma og er það mikill gæðastimpill að tengjast báðum þessum samtökum.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.pmi.is.

Viðargólf eru okkar ástríða

Gunnar Thor Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavefs ehf., segir djúphreinsun á yfirborði viðargólfa geta umbreytt hífylum fólks svo um munar. Gólfíð verður eins og nýtt. Gólfefnavef býður heildarlausnir í viðhaldi á parketi en fyrirtækið byggir á áralangri reynslu.

Gólfefnavef ehf. sérhæfir sig í lausnum fyrir viðargólf,“ segir Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavefs. Fyrirtækið hefur um langt árabil flutt inn vörur frá hinu virta fyrirtæki BONA í Svíþjóð.

Í samstarfi við BONA býður Gólfefnavef heildarlausnir í viðhaldi á parketi hvort sem það er lakkað eða olíuborið viðargólf. Gunnar segir að í nær öllum tilfellum sé hægt að gera gamla viðargólfið sem nýtt. „Með góðri þekkingu og lökkum og olíum frá BONA höfum við séð ansi lúin gólf verða sem ný!“

Endurnýjun fyrra útlits viðargólfsins

„Margir velta því fyrir sér hvort ekki sé ódýrara að kaupa bara nýtt parket í staðinn fyrir að láta slípa og lakka það gamla. Staðreyndin er sú að það margborgar sig að láta slípa og lakka gamla parketið,“ segir Gunnar. „Fólki hættir til að gleyma kostnaðinum við að rífa gamla parketið af. Hvað kostar til dæmis að farga því? Hvað kostar sendibíllinn? Þegar allt er tekið saman er margfalt ódýrara að láta slípa gamla viðargólfið upp á nýtt. Að auki fær fólk endurgreiddan virðisaukaskatt af vinnu fagmanna,“ segir Gunnar og bendir á síðuna www.allirvinna.is.

„Í dag erum við að nota mjög umhverfisvænar lakkvörur, allar með mjög lágu VOC-innihaldi eða í kringum 4 til 5 prósent. Þá er allur sandpappír hjá okkur í Gólfefnavefi afrafmagnaður. Hann fyllist því ekki eins og rykar þar af leiðandi ekki eins og sandpappír frá öðrum framleiðendum. Fólk þarf ekki að flytja að heiman því allar okkar vörur eru nánast lyktarlausar. Það hefur ávallt verið okkur mikil áskorun að vinna vel því gólfir eru okkar nafnspjald. Því hefur Gólfefnavef um langt árabil staðið fyrir fagnámskeiðum hérlandis sem erlendis í parketslípun, í samvinnu við Félag parketmanna sem og lúna fræðslusetur.“

Hvað er djúphreinsun?

„Viðargólf eru jafn opin fyrir óhreinindum og önnur gólfefni,“ útskýrir Gunnar. „Smám saman hlaðast upp óhreinindi svo yfirborðið verður þreytt og lélegt. Mikil umferð tjóru og seltu hefur einnig mikil áhrif á endingu viðargólfsins. Nú getum við án mikillar fyrirhafnar hjálpað fyrirtækjum og einstaklingum að endurnýja fyrra útlit viðargólfsins. Gólfíð er þrifið með þar til gerðri djúphreinsivél frá BONA ásamt sérstakri djúphreinsisápu, hvort sem um er að ræða olíuborin eða lökkuð viðargólf. Árangurinn er eftirtektarverður. Með BONA-djúphreinsun er auðvelt að hreinsa burt mikil óhreinindi og skóför. Þessi einstaka þjónusta býður upp á öruggt starfs-umhverfi.“

„Gott parket á að duga í allt að þrjátíu ár. En það gerir það ekki nema með réttu viðhaldi. BONA er einn virtasti framleiðandi umhverfisvænna lakka og olíu í heiminum og býður þér full-

komna vörulínu til að viðhalda viðargólfinu um langt skeið, hvort sem það er olíuborið eða lakkað.“

Heimsókn þér að kostnaðarlausu

Starfsfólk Gólfefnavefs kemur í heimsókn viðskiptavininum að kostnaðarlausu og leggur mat á viðargólfið. Það ákveður svo hvað þarf að gera, hvort djúphreinsun dugi til eða hvort slípa þarf yfirborðið.

Nýtt útlit með nýjum lit

„Við bjóðum einnig upp á litun (bæs) fyrir þá sem vilja breyta um lit á viðargólfinu sínu,“ segir Gunnar. „Með Bona Create getum við boðið viðskiptavininum að breyta gamla parketinu úr því að vera of ljóst eða of dökkt í þann lit sem þeim hagnast. Oft höfum við heyrt frá viðskiptavinum okkar að íbúðin hafi hreinlega öðlast nýtt líf eftir endurslípun, bæsun og lökkun. Gólfíð er jú fimmti veggurinn í húsinu og er í raun stærsti flöturinn sem við horfum á. Við skulum því hafa hann fallegan. Nú er tímabært að panta djúphreinsanir fyrir hátíðirnar en við djúphreinsum mikið fyrir heimili og fyrirtæki fyrir jólin. Því fyrir sem pantað er, því betra. Þess má geta að allir sem kaupa hjá okkur djúphreinsun fyrir 1. nóvember 2013 fá í kaupbæti spreymoppu frá Bona Care system.“

GÓLFEFNAVEF EHF SÁ UM DJÚPHREINSUN Á GÓLFUM HÓTEL RADISSON SAS 1919, MEÐ GÓÐUM ÁRANGRI.

„Við fengum Gólfefnavef til að skoða hjá okkur parketið á Hótelinu, eftir mikla umferð síðustu ára var farið að sjá á því.“

Eftir stuttan fund gerðu þeir okkur grein fyrir því að sennilega þyrfti ekkert að slípa parketið á herbergjunum heldur væri nóg að djúphreinsa það og í kjölfarið fylgdi hagstætt tilboð sem við tókum. Nú hafa þeir djúphreinsað um það bil 90% allra herbergja hjá okkur og hefur verkið verið framkvæmt af fagmennsku og hljóðlátlega og án truflunar fyrir gesti okkar. Ég get auðveldlega mælt með þeim hjá Gólfefnavefi. Þar eru framúrskarandi fagmenn þegar kemur að viðhaldi parkets,“ segir Sigríður Hallbjörnsdóttir, yfirherbergisþerna á Radisson SAS 1919.

„Viðskiptavinir okkar hafa oft samband síðar til að segja okkur hvernig íbúðin hafi hreinlega öðlast nýtt líf eftir meðhöndlun frá okkur.“



Vel unnin viðargólf eru okkar nafnspjöld

„Gólfefnið parket á að duga í allt að fjórutíu ár. En það gerir það ekki nema með réttu viðhaldi,“ segir Gunnar Thor Jóhannesson, framkvæmdastjóri hjá Gólfefnavefi ehf.

MYND/VALLU



Nú er tímabært að panta djúphreinsun á parketið fyrir jólin.



Þeir sem kaupa hjá okkur djúphreinsun fyrir 1. nóvember 2013 fá í kaupbæti spreymoppu frá Bona Care system



„Jafnvel þó að við skúrum gólf reglulega með þar til gerðum hreinsiefnum og moppum náum við einungis að hreinsa yfirborðið.“



Marrakech-safnið í Marokkó er í Dar Menebhi-höllinni sem byggð var í lok nítjándu aldar. Byggingin endurspeglar andalúsíska arkitektúr með flóknum mynstrum úr flísam á gólfum og veggjum.

List fyrir fótum

Flest gólfefni eru hönnuð með endingu og nýtingu í huga. Þó eru til fjölmörg gólf um heim allan sem lögð voru með það markmið að gleðja augað.



Hin forna bygging Medersa el-Attarine í Fes í Marokkó er trúarleg bygging sem byggð var af soldánum Uthman II Abu Said á árunum 1323-1325. Íburðarmiklar flísar og fagaðar gífs- og sedrusviðarskreytingar einkenna bygginguna.



Flísalagt gólf og gylltur turn í U Ponya Shin-pagóðunni í Sagaing-hlíðum í Mjanmar.



Íburðarmikill salur í Katrínarhöllinni í Tsarskoye Selo í nálægð við St. Pétursborg í Rússlandi. Höllin var sumardvalarstaður Romanov-keisaraættarinnar.



Þjóðminjasafnið í St. Pétursborg er eitt það stærsta og elsta í heimi. Katrín mikla stofnaði það árið 1764 og hefur það verið opið almenningi frá 1852. Hér má sjá fagurlega skreytt flísalagt gólf í Vetrarhöllinni en safnið er að hluta til í henni.



Sögulegar og fagrar byggingar eru á hverju strái í Flórens á Ítalíu. Hér má sjá fagurlega skreytt gólfíð í dómkirkjunni, Santa Maria del Fiore, í Flórens.

ÓDÝRARI PARKETPLANKAR
BEINT FRÁ VERKSMÍÐJU

OKKAR EIGIN FRAMLEIÐSLA

**PARKET
VERKSMÍÐJAN**

Síðumúla 31, 108 Reykjavík | www.parketverksmidjan.is



Lifað á rauða dreglinum

Hver finnur ekki aðeins til sín þegar hann stígur á rauða dreglinum? Hann er punkturinn yfir i-ið við höfðinglegar móttökur og konunglegt undirlag gesta við formleg og hátíðleg tækifæri.

Í dag tengist rauði dregillinn mestmegnis viðburðum ríka og fræga fólksins en upphafið er rakið til leikritsins Agamemnon, sem gríska harmleikjaskáldið Æskýlos skrifaði árið 458 fyrir Krist. Þar tekur hefningjörn eiginkona á móti aðal-söguhetjunni með blóðrauð-

um slóða og biður hann að láta fætur sína ekki snerta jörðu. Agamemnon vissi sem var að aðeins guðir fá gengið á slíkum slóðum og tók móttökunum með miklum beyg, enda dauðlegur maður.

Rauður dregill beið James Madison Bandaríkjaforseta við árbakka árið 1821 og járnbrautastöð New York-borgar notaði fagurrauða plussdregla til að vísa farþegum veginn í sérstaka aldamótalest árið 1902. Það er talið upphaf þess að farið

var að nota rauðan dregil fyrir kvikmyndastjórnur við hátíðleg tækifæri eins og Óskarsverðlaunin, þar sem sá rauði skipar stórt hlutverk í tískuiðnaðinum þegar fréttamenn og ljósmyndarar keppast við að gera tísku og útliti stjarnanna skil.

Rauður dregill getur þó verið skeinuhættur eins og gerðist þegar Benedikt XVI. páfi kom í opinbera heimsókn til Bretlandseyja og dregillinn var fjarlægður af Edinborgarflugvelli vegna sterkra vinda.

★
Melgi *syngur*
Hauk
ásamt

THE CAPITAL DANCE ORCHESTRA

frá Berlin

Eldborg í Hörpu 11. október



Uppselt!

auka tónleikar
kl. 23.00 föstudaginn 11. október sama dag

Sérstakir gestir:

Sigríður Thorclacius
Björgvin Halldórsson
Bogomil font

Pú getur nálgast þinn miða á:

harpa.is og midi.is

★★★



ÞURRKAÐU AF FÓTUNUM

Upp á ensku er dyramotta oft kölluð „welcome mat“ eða motta sem býður fólk velkomið. Það er ekki skrítið þar sem mottan er yfirleitt það fyrsta sem mætir gestum þegar komið er á heimilið.

Dyramottur eru auk þess bestu vinur þess sem sér um þrífni á heimilinu þar sem stór hluti af sandi og skít verður eftir í grófu mynstri mottunnar.

Dyramottur má fá í hinum ýmsu útgáfum með mismunandi og oft myndum áletrunum og jafnvel með myndum af því sem einkennir húsráðendur, til dæmis hundum og hestum.

Árið 1995 fann Ralph Baer upp dyramottuna Chat-Mat en með henni er hægt að taka upp skilaboð sem eru spiluð þegar stigið er á mottuna. Skemmtileg leið til að taka á móti gestum.



SKÍNANDI HREINT

Ekki er sama hvernig parkett er þrifið en huga þarf að því af hvaða gerð parketið er.

Lakkað parkett er best að sópa og rykmoppa eftir þörfum. Gólfíð skal þvo með mildu sápuvatni en best er að þurrvinda moppuna. Varast ber að láta vætu liggja á lökkuðu parkettgólfi. Nota má vatnsuppleysanlegt bón eða vaxbón en ekki er gott að bóna slík gólf oft. Ef lakkið er orðið slitið þarf að þússa gólfin upp og lakka að nýju.

Olíu- eða vaxbórið parkett er gott að rykmoppa reglulega. Best er að nota grænsápu, þar til gerða parkettsápu eða sápu sem er feit, því fitan mettar gólfborðin. Nauðsynlegt er að olíu- eða vaxbera gólf nokkuð reglulega, annars vilja þau þorna og verða mislit.

Plastparkett má ekki bleyta of mikið. Ef þarf að skúra á að nota volgt vatn en þurrka það jafnóðum. Best er að strjúka yfir með þurri moppu eða ryksuga.

VATNSSKYNJARI GÓÐ LAUSN

Það er óskemmtilegt að verða fyrir vatnstjóni. Vatnsskynjarar hafa bjargað mörgum frá miklu tjóni. Gott er að hafa þá á gólfi í þvottahúsi, eldhúsi og baðherbergi, sérstaklega ef niðurfali er ekki til staðar. Hægt er að tengja vatnsskynjara við öryggiskerfi. Vatnsskynjari er ekki dýrt stykki en ákaflega góð öryggisvörn.

Í flestum nýrri húsum eru niðurföll í baðherbergjum og þvottahúsum en þeim þarf að halda hreinum til að koma í veg fyrir tjón. Ef niðurfallið stíflast gerir það lítið gagn ef flæðir á gólf. Ástæður vatnstjóna geta verið margar, lagnir geta gefið sig eða fólk gleymir óvart að skrúfa fyrir krana. Á veturna getur gert asahláku með þeim afleiðingum að það flæðir inn í hús. Óhöppin gera sjaldnast boð á undan sér og því er mjög gott að vera vel varinn.



Ekki er gott að gleyma að skrúfa frá krana.



HJÁLPAÐU OKKUR AÐ HJÁLPA ÖÐRUM

Í ár ætla Á allra vörum að hjálpa þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða og safna fyrir nýrri geðgjörgæsludeild á Landspítalanum með aðstoð þjóðarinnar. Með því að hringja í söfnunarnúmerin eða kaupa Á allra vörum gloss frá Dior leggur þú þitt á vogarskálarnar.

SÖFNUNARSÍMI

Hringdu í síma 903 1000 og gefðu 1000 kr.

903 1000

Hringdu í síma 903 3000 og gefðu 3000 kr.

903 3000

Hringdu í síma 903 5000 og gefðu 5000 kr.

903 5000



ÞERRUM TÁRIN

Nánar um átakið og upplýsingar um sölustaði á aallravorum.is og facebook.com/aallravorum.is



FITON

truenorth

Dior

eyun vellausnir

GASSI 2TUOK